

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, iðnaðarsvæði undir flæðigryfju, Selvík, Sveitarfélaginu Garði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. mars 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að til verður nýtt 2,25 ha iðnaðarsvæði í sjó í Selvík með grjótgarði þar sem gert er ráð fyrir flæðigryfju til förgunar kerbrota, kola- og stálsandsryks frá álveri í Helguvík.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. mars 2011.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011